



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Borg

2020 – 2021



SAMAN BYGGJUM VIÐ BORG

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat deilda	4
3 Ytra mat	6
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	7
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	8
6 Foreldrasamvinna	9
6.1 Foreldraráð	9
6.2 Foreldrafundir	9
6.3 Foreldrafélög	9
6.4 Erlendir foreldrar	9
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	10
8 Fylgigögn	11
8.1 Fylgiskjal 1	11
8.2 Fylgiskjal 2 - Skóladagatal 2020-2021	12
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	13



Leiðarljós leikskólans:

Virðing – Ábyrgð - Umhyggja

1 Greinargerð leikskólastjóra

Með bjartsýnin í brjósti hófum við skólaárið 2019-2020, við vorum með nýja Menntastefnu Reykjavíkurborgar í höndunum og ætluðum að láta til okkur taka. Markmiðið var að efla faglegt starf, vera með nýjungar í endurmenntun kennara og byrja á að vinna að skólanámskrá.

Haustið byrjaði vel, við vorum með skipulagsdag í lok ágúst og gafst það vel fyrir upphafið á skólaárinu. Skipulagt skólastarf var með hefðbundnu sniði og við vorum að undirbúa okkur fyrir stóra samstarfsverkefnið það þarf þorp...

Eftir áramót og fram á sumar hefur verið mjög skríttinn tími og fordæmalaus með öllu. Lífið eins og við þekktum breyttist, allt breyttist og líka skólinn. Við hófum önnina á löngu verkfalli Eflingar og leikskólanum var lokað. Við gátum ekki tekið á móti okkar yndislegu börnum, nokkrir starfsmenn voru við störf þennan tíma og voru þeir í skipulagsvinnu, tiltekt og þrífum.

Fjórum dögum eftir verkfalli lauk kemur Veiran til landsins og allt skipulag fer á hvolf. Takmörkun á skólahaldi, hvað er nú það. Á einum degi tókst starfsfólki og stjórnendum að skipta alveg um gír, skipuleggja starfið á allt annan hátt. Sóttvarnarhólf, alls konar nýjar reglur um samstarf og samneyti, litlir barnahópar og engir foreldrar inn í hús. Allt hefðbundið starf og verkefni voru sett til hliðar og við unnum með helming af barnahópnum og reyndum að helminga starfsfólkið eins og hægt var. Allt þetta lærðist fljótt og komst í vana eins ótrúlegt og það hljómar. Ég vil nota tækifærið og þakka starfsfólkinu mínu fyrir æðruleysið og fyrir að gera sitt allra besta alla daga í mjög svo krefjandi aðstæðum í framlínustarfi. Leiðsögn og upplýsingar frá Neyðarstjórn Reykjavíkur voru til fyrirmyndar.

Það sem við getum tekið með okkur er að við fækkun á börnum í húsi jókst vellíðan allra og umgangseftum fækkaði stórlega. Alla jafna eru alltof mörg börn í alltof litlu rými.



2 Innra mat deilda

Sameiginleg ákvörðun stjórnendateymis Borgar var að unnið yrði með félagsfærni og sjálfsefningu skólaárið 2019-2020 út frá nýrri Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Til þess voru gátlistar fengnir af vef menntastefnunnar, www.menntastefna.is og fékk hver deild eintak. Unnið var með gátlistana þannig að hver deild hafði deildarfund og fyllti inn í gátlista um félagsfærni og gátlista um sjálfsefningu. Þar mat hver deild hvernig hún stæði varðandi undirþætti sem saman mynduðu félagsfærni annars vegar og sjálfsefningu hins vegar. Til stóð að hafa markvissa vinnu með gátlistana á skipulagsdögum/deildarfundum á vormánuðum 2020. Þá átti starfsfólk að meta hvernig starf með ákveðna þætti hefði gengið frá síðasta skipulagsdegi/deildarfundum og nokkurskonar símat átti að eiga sér stað. Vegna óviðráðanlegra atburða, verkfalls Eflingar og Covid-19 faraldurs tókst þetta starf ekki.

Á skólaárinu 2019-2020 var vináttuverkefni á vegum Barnaheilla innleitt í leikskólann. Starfsfólk fór á námskeið í ágúst 2019 og hóf þegar í stað innleiðingu. Skólaárið 2020-2021 verður áfram unnið með félagsfærni og sjálfsefningu út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Innleiðing á vináttuverkefni á vegum Barnaheilla heldur áfram, ásamt námskeiði sem verður á vegum KVAN um verkfærakistu fyrir starfsfólk og kennara. Með því námskeiði mun hver og einn starfsmaður fá í hendurnar fleiri verkfæri til að efla félagsfærni barna.

Á skólaárinu 2020-2021 veður áfram unnið með gátlistana sem fjallað var um hér að framan. Með þessum gátlistum gefast tækifæri fyrir starfsfólk deilda að meta starfið, gera umbótaáætlanir fyrir þætti sem það vill vinna með og bæta. Þannig skapast tækifæri fyrir starfsfólk til að efla starfið í leikskólanum á markvissan hátt. Til stendur að fá stuðning frá Skóla- og frístundasviði fyrir stjórnendateymi Borgar varðandi innra mat. Innar mat á að vera styrkur fyrir starfið og styður okkur áfram á þeirri braut sem við erum að feta saman skref fyrir skref.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst/lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vínáttuverkefni - Barnaheilla	Efla félagsfærni hjá börnum	Innleiðing og viðhald á Vínáttuverkefni Barnaheilla. Fá upprifjun frá Barnaheill.	Stjórnendateymi Borgar	Ágúst 2020 til júlí 2021	Ljósmyndir af vinnu með Blæ, rýnihópar/umræður á skipulagsdögum/deild arfundum	Að börn viti hver sé Blær og hvað hann stendur fyrir.
Verkfærakista KVAN	Að efla félagsfærni barna og að starfsfólk fái verkfæri til að aðstoða börn við að efla félagsfærni sína.	Starfsfólk fer á verkfærakistunámskeið, fær þjálfun í notkun verkfærakistunnar.	Stjórnendur Borgar	Ágúst 2020 til desember 2020	Könnun um hvernig starfsfólk telur ganga. Fáum þá tækifæri til að lesa í niðurstöður og gera umbætur.	Að starfsfólk tileinki sér aðferðir til að efla félagsfærni barna með ólíkan bakgrunn.
Innra mat	Að innra mat deilda verði dagsdaglegur hluti af starfinu í Borg	Fræðsla og þjálfun starfsfólks í því hvað innra mat er og hver tilgangurinn með því er. Æfingar í að meta starfið með gátlista menntastefnunnar að leiðarljósi.	Stjórnendur Borgar	Ágúst 2020 til júlí 2021	Nota deildarfundir/skipulags daga til að meta starfið út frá gátlistum. Æfa okkur að lesa úr listunum og setja okkur um markmið um umbætur.	Að búa til gögn til að betrubæta starfið og sjá hvar við stöndum. Gögn geta verið notuð í skólanámskrá og starfsáætlun næsta árs.



3 Ytra mat

Starfamannakönnun fór fram í febrúar en var framlend vegna verkfalls Eflingar. Þátttaka hjá starfsmönnum Borgar var rúmlega 40%.

Meðaltal allra þátta var 4,33 en var 4,12 árið 2019, 5 er hæsta skorið. Þeir þættir sem skora lægst og þarfnast umbóta snúast að streitu og álagi í starfi og upplýsingaflæði.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst/lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Forvarnir gegn streitu og álagi	Að starfsmenn fái verkfæri til að vinna gegn streitu og álagi.	Fyrirlestur um aðgerðir hvers og eins til að minnka streitu og álag, einnig að skilja á milli einkalífs og vinnu.	Stjórnendur	Ágúst 2020 til desember 2020	Starfsmanna-könnun 2021 og rýnihópur	Að starfsmenn upplifi minna álag og streitu í starfi. Að starfsfólk hafi bjargir til að takast á við streitu og álag á heilbrigðan hátt.
Aukið upplýsingaflæði til starfsmanna	Að auka aðgengi að upplýsingum og upplýsa starfsmenn um ábyrgð og skyldur í starfi	Boðleiðir verði skýrari og deildastjórafundir verði vikulega. Stjórnendur setji upp sína vikudagskrá á upplýsingatöflu. Aukin virkni á Workplace.	Stjórnenda-teymi og starfsfólk	Ágúst 2020 til maí 2020	Starfsmanna-könnun 2021 og rýnihópur. Samantekt á virkni á Workplace.	Að starfsmenn og stjórnendur séu upplýstari um starfsemi leikskólans.



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtölum var frestað fram í ágúst 2020 vegna Veirunnar.

Allir starfsmenn sóttu námskeið um Vináttu á starfsdegi í ágúst.

Allir starfsmenn fengu fyrirlestur um foreldrasamstarf og fyrirlestur um liðsheild frá KVAN á skipulagsdegi í október

Allir starfsmenn fengu fyrirlestur um tengslaröskun og kynnin á Lubba á starfsdegi í nóvember.

Stjórnendur fórum á námskeið um snerpusamtöl, námskeið hjá Fræðslutorgi Dare to lead. og voru skráðir á fleiri námskeið sem var frestað til haustsins

Sérkennslustjóri og starfsfólk í stuðning sóttum námskeið er varðar þau börn sem eru með stuðning.

Má þarf nefna PECS, TRAS, skráningar vegna atferlisþjálfunar, AEPS-listar og stuttar kynningar hjá PMB.



5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfsáætlun Breiðholtsskóla, Bakkaborgar og Borgar

Tími	Viðburður
Október	Nemendur leikskóla koma og leika á skólalóð Breiðholtsskóla Leikskólabörn fara um skólahúsnæði í ratleik. 1. bekkur fer í heimsókn í leiksk. og leikur á lóðinni
Október	Val í unglingadeild hefst. Unglingar í vali í Breiðholtsskóla koma einu sinni í viku í tvo tíma í senn og kynnst starfinu á leikskólanum
Nóv. – desember Hefst á degi ísl. tungu	Fastir lestrardagar vikulega – 7. bekkur ca kl. 10:10 samráð um daga. ○ 4 deildir í Bakkaborg – 8 nemendur ○ 2 deildir í Arnarborg – 4 nemendur ○ 2 deildir í Fálkaborg - 4 nemendur
Desember	Leikskólar og 1.bekkur með skemmtun á sal í Breiðholtsskóla - Jólasöngvar í Breiðholtsskóla á aðventu (höfum samband) söngstund á sal - Jólasamvera – skemmtiatriði frá hópum og helgileikur, veitingar í lokin.
Janúar	Stjórnendafundur - skipulag samstarfs Heimsókn leikskólalabarna í íþróttatíma hjá 1.bekk
Febrúar	Nemendur í 1.bekk heimsækja leikskóla og m.a. sýna hvað er í skólatöskunni.
Febrúar - mars	Leikskólabörn heimsækja skólustjóra Breiðholtsskóla og ræða um sjálfstæði, sjálfshjálpi, hegðun og reglur í skólanum.
Febrúar - mars	Nemendur leikskóla koma í 4-5 manna hópum í heimsókn í Breiðholtsskóla í frímínútur, 2 kennslustundir og borða í matartímanum.
Mars	Leikskólabörn heimsækja frístundaheimilið Bakkasel
Apríl	Breiðholtsskóli býður á leiksýningar nemenda yngri deilda
Maí	Foreldrar og nemendum er boðið í Breiðholtsskóla á skólafærninámskeið. Vorskóli Leikskólabörnum boðið á vorhátíð Breiðholtsskóla Leikskólabörn koma og skoða sundlaugina. Leikskólabörn halda útskrift á sal Breiðholtsskóla
Ágúst	Nemendur mæta ásamt foreldrum sínum í viðtal til umsjónarkennara í upphafi skólaárs. Stjórnendafundur – skipulag samstarfs
September	Foreldrar boðaðir á seinni hluta skólafærninámskeiðs og kynningu á skólanum.



6 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna í Borg er góð og þátttaka foreldra í viðburðum og verkefnum á vegum skólans er til fyrirmyndar. Foreldrakaffi er haldið á hverri önn, þau eru mjög vel sótt sem og aðventukaffið.

Sumarhátíð er í júní og er hún sameiginleg. Á dagskrá er að hafa sumarhátíð til skiptis í Fálkaborg og Arnarborg en ekki hefur orðið af því vegna þess hversu garðurinn í Arnarborg er í lélegu ásigkomulagi.

Foreldraviðtöl voru í maí og í gegnum fjarfundarbúnað. Foreldrum var gefin kostur á að skrá sig í samtal og deildastjóri hringdi í viðkomandi foreldra á tilteknum tíma.

6.1 Foreldraráð

Foreldraráð Borgar var kosið á foreldrafundi sem var haldin í Október 2019

Foreldri	tölvupóstur
Freyja Óskarsdóttir	freyjaoskarsdottir@gmail.com
Unnsteinn Lár Oddson	unnsteinnlar@gmail.com
Svanborg Sif Sigurjónsdóttir	svanborgsif@gmail.com
Theódór Líndal Helgason	thelgason@gmail.com
Anna Sigrún Guðmundsdóttir	annasgu@gmail.com
Hafdis Ósk Baldursdóttir	hafdisosk08@gmail.com

6.2 Foreldrafundir

Foreldrafundir voru haldnir í Október 2020

6.3 Foreldrafélög

Tvö foreldrafélög eru til staðar í Borg, eitt í hvoru húsi. Hefð er komin fyrir samstarfi og viðburðir eru eins í báðum húsum. Gjöld eru samræmd. Til einföldunar væri auðveldara fyrir stjórnendur að félögin væru sameinuð í eitt.

6.4 Erlendir foreldrar

Móttaka og aðlögun eins fyrir foreldra af erlendum uppruna sem og aðra foreldra. Við notumst við sama viðtalsblað og allir aðrir pappírar erum eins. Við notumst við þýddar útgáfur á sumum eyðublöðum og bjóðum upp á túlk í viðtölum. Við þösum upp á að gefa okkur góðan tíma og náum þannig góðum tengslum.

Upplýsingagjöf til foreldra af erlendum uppruna er á íslensku, ensku og pólsku. Við fáum túlka til okkar eftir þörfum. Við nýtum einnig mannauð skólans til að þýða og túlka fyrir okkur og foreldra,



helst smá skilaboð og upplýsingar sem þurfa að komast strax til skila. Við nýtum okkur einnig tæknina og notum þýðingarforrit.

Samræða um mál og læsi, nám og þroska, stuðningur við móðurmál og íslensku kemur fram í öllum okkar viðtölum við foreldra af erlendum uppruna. Við tölum um mikilvægi móðurmálsins og lestur bóka, náms- og þroskastöðu barnsins. Ef foreldrar þurfa meiri stuðning og fleiri viðtöl en hefðbundið er þá er það auðsótt.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal


Skipulagsdagar	Í samstarfið við
24. ágúst 2020 - Mánudagur	
9. október 2020 - Föstudagur	Allir í Breiðholti
27. nóvember 2020 - Föstudagur	Breiðholtsskóli og Bakkaborg
2. febrúar 2021 - Þriðjudagur	Breiðholtsskóli og Bakkaborg
21. apríl 2021 - Miðvikudagur	Námsferð
23. apríl 2021 – Föstudagur	Námsferð
10. maí 2021 - Mánudagur	Allt Skóla- og frístundasvið



8 Fylgigögn


8.1 Fylgiskjal 1

Skorblöð úr starfsmannakönnun 2020




Meðalskor þátta

Súlur sýna meðalskor þátta valins árs, punktar sýna skor valins samanburðar



Meðalskor spurninga í völdum þáttum

Súlur sýna meðalskor þátta valins árs, punktar sýna skor valins samanburðar



8.2 Fylgiskjal 2 - Skóladagatal 2020-2021

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: **Borg**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 S	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 F	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F			29 F	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L			30 F	30 S	30 M	30 M
31 M	31 L	31 M	31 F	31 S	31 Þ			31 M	31 M		

8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

A handwritten signature in blue ink, reading "Gylfi Guðmundsson".

7.7.2020

Leikskólastjóri

Dagsetning

Starfsáætlun 2020 – 2021

Leikskólinn Borg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Freyja Óskarsdóttir
Svanborg Sif Sigurjónsdóttir
Theódór Líndal Helgason
Anna Sigrún Guðmundsdóttir
Hafdís Ósk Baldursdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur lesið yfir starfsáætlun Borgar og er hún hér með samþykkt. Ásamt því viljum við minnst á hversu vel Gyða og hennar frábæra starfsfólk hefur staðið sig í þessum furðulegu tímum sem hafa gengið yfir undanfarna mánuði.



